



Borgarráð

Viðauki við fjárhagsáætlun 2023

1. Flutningur fjárheimilda milli sviða

Lagt er til að gerðar verði eftirfarandi tilfærslur á fjárheimildum á milli menningar, íþrótt- og tómsfundasviðs og skrifstofu borgarstjóra- og borgarritara

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
MOF	xxx	Y firstjórn	Frá	-143.659
MOF	xxx	Höfuðborgarstofa	Frá	-101.727
MOF	xxx	Borgarbókasafn Reykjavíkur	Frá	-1.327.930
MOF	xxx	Listasafn Reykjavíkur	Frá	-543.621
MOF	xxx	Borgarsögusafn Reykjavíkur	Frá	-723.976
MOF	xxx	Önnur menningarstarfsemi	Frá	-177.600
MOF	xxx	Styrkir og samstarfssamningar	Frá	-1.777.213
MOF	xxx	Framlög	Frá	-1.132.615
MOF	xxx	Sérverkefni og sameiginlegur kostnaður	Frá	-75.906
ITR	xxx	Y firstjórn	Frá	-245.831
ITR	xxx	Sundlaugar	Frá	-2.466.989
ITR	xxx	Íþróttamál	Frá	-1.798.911
ITR	xxx	Skíðasvæðin	Frá	-162.565
ITR	xxx	Önnur starfsemi	Frá	-1.305.988
ITR	xxx	Styrkir	Frá	-5.254.724
MIR	xxx	Y firstjórn	Til	389.490
MIR	xxx	Söfn	Til	2.595.526
MIR	xxx	Sundlaugar	Til	2.466.989
MIR	xxx	Íþrótt- og tómsfundaborg	Til	7.016.151
MIR	xxx	Tómsfundamiðstöðvar	Til	1.406.701
MIR	xxx	Menningarborg	Til	2.975.799
MIR	xxx	Kynningarmál, sérverkefni og annað	Til	208.338
SBB	xxx	Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara HBST	Til	93.227
SBB	xxx	Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara Viðburðir	Til	87.034
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs, 21. júlí 2022, máls MSS22070114, Tillaga um sameiningu menningar- og ferðamálasviðs og íþrótt- og tómsfundasviðs og samþykktar borgarráðs, 16. febrúar 2023, máls MSS23020078, Tillögur að nýju fyrirkomulagi markaðsmála, viðburða og ferðaþjónustu hjá Reykjavíkurborg.

Menningar- og ferðamálasvið og íþrótt- og tómstundasvið hafa verið sameinuð í eitt svið auk þess sem nýtt fyrirkomulag markaðsmála, viðburða og ferðaþjónustu hafa færst frá sviðinu til skrifstofu borgarstjóra- og borgarritara. Er verið að færa fjárheimildir til samræmis við nýtt skipulag og breytinga á áður nefndum starfseiningum.

2. Lífeyris- og rekstarskuldbindingar Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Lagt er til að fjárheimildir skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs verði hækkaðar um 9.853 þ.kr. vegna aukaframlags til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-9.853
MIR	03102	Sinfóníuhljómsveit Íslands	Til	9.853
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Fjárheimildin er til að standa undir viðbótarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem er ríkisstofnun, en Reykjavíkurborg er skylt skv. 3. grein laga nr. 36/1982 að standa undir 18% af rekstrarkostnaði. Samkvæmt staðfestingu frá Fjársýslu ríkisins ber Reykjavíkurborg að greiða 273.995 þ.kr. framlag vegna ársins 2022 sem er 1.913 þ.kr. hærra en gert var ráð fyrir. Auk þess er gerð krafa um að Reykjavíkurborg greiði 18% hlut í lífeyrisskuldbindingu vegna ársins 2022 eða 7.940 þ.kr. Samtals er því gert ráð fyrir að greiðslur Reykjavíkurborgar vegna ársins 2022 nemi 281.935 þ.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 272.082 þ.kr. Mismunur nemur því 9.853 þ.kr.

3. Rekstur Konukots – viðaukasamningur

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 14.200 þ.kr. vegna greiðslu til reksturs Konukots. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-14.200
VEL	xxx	Rekstur Konukots	Til	14.200
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Vísað til samþykktar borgarráðs frá 2. mars 2023 liður 14, mál VEL2209271, tillaga um viðbótarfjármagn vegna samnings um rekstur Konukots. Um er að ræða viðbótarfjármagn til Rótarinnar vegna reksturs Konukots vegna kjarasamningabóta, en óskað er eftir að breytingin taki gildi frá og með 28. apríl 2022 eða frá þeim tíma er starfsmatið á starfi við þjónustu

heimilislausra með miklar og flóknar þjónustubarfir var samþykkt. Aukinn kostnaður á árinu 2022 yrði 5.700 þ.kr en 8.500 þ.kr. fyrir árið 2023.

4. Rekstur Mánabergs, vistheimilis barna

Lagt er til að gjöld velferðarsviðs hækki um 37.500 þ.kr. vegna reksturs Mánabergs. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður með hækkun tekna en á móti auknum kostnaði hækki endurgreiðslur frá ríkinu vegna vistunarkostnaðar.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
SKATT	00103	Endurgreiðsla vegna vistunarkostnaðs	Frá	-37.500
VEL	xxx	Rekstur Mánabergs	Til	37.500
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Vísað er til 450. fundar velferðarráðs, 4. lið VEL23020032, frá 15. mars sl. þar sem samþykkt var að leggja til breytingar á fjárhagsáætlun velferðarsviðs 2023 vegna rekstur Mánabergs, vistheimilis barna. Með breytingu á fjárhagsáætlun Mánabergs fyrir árið 2023 mun Barnaverndarþjónusta Reykjavíkur geta ráðið fleiri starfsmenn til að sinna þeirri aukningu sem orðið hefur í Mánabergi. Aukningin gæti numið um 3,5 stöðugildum. Um er að ræða breytingu á fjárhagsáætlun vegna endurgreiðslu mennta- og barnamálaráðuneytisins skv. 15 gr. Barnaverndarlaga nr. 80/2002. Nýting ársins 2022 var alls 144%. Kostnaður vegna dvalar á sólarhring á árinu 2022 var 114.653 kr. og fyrir árið 2021 var hann 94.988 kr. Alls var greitt fyrir 350 nætur fyrir tímabilið nóvember 2021 til nóvember 2022. Alls voru 10 börn í Mánabergi og er það mat Barnaverndar Reykjavíkur að þetta verði sambærilegt á árinu 2023. Endurgreiðsla ríkisins vegna þessa tímabils var kr. 37.493.550. Er hér um að ræða nokkuð fjölbreyttan hóp þó sammerkt sé að réttur er til endurgreiðslu frá ríkinu vegna vistunarkostnaðar. Tillagan hefur því ekki áhrif á nettó fjárheimildir velferðarsviðs.

5. Innleiðing laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um þ.kr. og velferðarsviðs hækki um þ.kr. vegna innleiðingar laga nr. 86/2021. Breytingin verður fjármögnum með hækkun tekna á kostn.st. 00103

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
SKATT	00103	Tekjur v. farsældarfrumvarps	Frá	-403.762
SFS	xxx	Farsældarfrumvarp	Til	242.257
VEL	xxx	Farsældarfrumvarp	Til	161.505
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Vísað til samþykktar borgarráðs frá 30. júní 2022 liður 26, VEL22060083, fjármagn sem ætlað er til innleiðingar laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

6. Hækkun á greiðslum jöfnunarsjóðs til tónlistarskóla

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 18.821 þ.kr. vegna hækkunar á framlagi Jöfnunarsjóðs til tónlistarskólanna. Breytingin verður fjármögnuð með hækkun jöfnunarsjóðstekna á kostn.st. 00103, jöfnunarsjóðstekjur.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
SKATT	00103	Jöfnunarsjóðstekjur	Frá	-18.821
SFS	xxx	Tónlistarskólar	Til	18.821
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Mánaðarlegum greiðslum frá Jöfnunarsjóði er miðlað til tónlistarskóla í samræmi við samninga. Tekjuáætlun Reykjavíkurborgar tekur mið af uppfærðri áætlun frá Jöfnunarsjóði en fjárheimildir skóla- og frístundasviðs taka hins vegar mið af eldri áætlun Jöfnunarsjóðs. Tillagan felur í sér að SFS fái heimild til að hækka miðlun greiðsla til samræmis við uppfærða áætlun Jöfnunarsjóðs.

7. Styrkur úr Miðborgarsjóði til Miðborgin Reykjavík

Lagt er til að fjárheimildir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara hækki um 10.000 þ.kr. vegna styrkjagreiðslu til Miðborgin Reykjavík. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn. st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-10.000
SBB	01296	Miðborgarsjóður	Til	10.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun fylgir tillögunni.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs frá 12. janúar 2023, liður 5, mál MSS22060189. Samþykkt var framlag til óstofnaðs félags, Miðborgin Reykjavík. Eðli málsins samkvæmt var félagið ekki komið með skráða kennitölu þannig að greiðslu styrks seinkaði og náðist því ekki að bókfæra fyrir árið 2022.

8. Endurmat starfa – verið að taka saman upphæðir vegna desember 2022

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða og miðlægrar stjórnsýslu hækki um samtals 12.027 þ.kr. vegna endurmats á störfum. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn. st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsm.kostnaður	Frá	-12.027
MIR	xxx	Endurmat starfa	Til	2.099
SBS	xxx	Endurmat starfa	Til	3.537
SFS	xxx	Endurmat starfa	Til	1.888
VEL	xxx	Endurmat starfa	Til	4.504
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Starfsmatið varðar ýmis stöðugildi á sviðum og miðlægum skrifstofum. Störf þessi hafa verið samþykkt á fundum starfsmatsnefndar á árinu 2022. Gildistími á afturvirkni er skv. reglum starfsmats og er frá og með þeim tíma sem beiðni um endurmat barst þeim. Gert er ráð fyrir afturvirkni ásamt fjárhæð í ramma fyrir 2023 í þessum upphæðum.

9. Breyting á álagningarhlutfalli útsvars

Lagt er til að áætluð staðgreiðsla útsvars verði hækkuð um 1.717 m.kr. vegna hækkunar á álagningarhlutfalli útsvars um 0,22%-stig eða úr 14,52% í 14,74%. Á móti hækka framlög til jöfnunarsjóðs um sömu upphæð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
SKATT	00100	Staðgreiðsla útsvars	Til	1.716.597
SKATT	00101	Framlög til JS vegna málafl. fatlaðs fólks	Frá	-1.716.597
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Tillagan byggir á 23. og 24. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum. Tillagan felur í sér hækkun á álagningarhlutfalli útsvars frá tekjuárinu 2022 um 0,22%. Þann 16. desember sl. var gengið frá samkomulagi milli ríkisins og Sambandsins fyrir hönd sveitarfélaga um hækkun á fjárhagsramma vegna lögbundinnar þjónustu við fatlað fólk sem verður 1,46% útsvarshlutfall en þar af renna 0,25% til viðkomandi sveitarfélaga en 1,21% til jöfnunar vegna fatlaðs fólks. Samkomulagið felur þannig í sér að hækkunin renni til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga en hlutfall útsvarstekna vegna málefna fatlaðs fólks sem fer í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga skv. 2. tölul. c-lið 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga var á síðasta ári 0,99% en hækkaði um 0,22% stig samhliða hækkun hámarksútsvars og verður því 1,21%. Um tilfærslu skatttekna er að ræða frá ríkinu og lækka tekjur ríkissjóðs um samsvarandi prósentu. Breytingin kemur ekki til hækkunar á álögur á íbúa sveitarfélagsins.

10. Tekjur frá jöfnunarsjóði vegna málefna fatlaðs fólks

Lagt er til að áætluð framlög jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðs fólks hækki um 1.576 m.kr. til samræmis við uppfærða áætlun frá jöfnunarsjóði. Tekjuaukinn verði notaður til að styrkja handbært fé.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
SKATT	00103	Framl. frá JS v. málefna fatlaðs fólks	Til	1.575.682
		Hækkun á handbæru fé	Samtals	1.575.682

Áhrif breytinganna á rekstrarniðurstöðu og fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu er að afkoma ársins batnar um 1.576 m.kr. og handbært fé í árslok hækkar um sömu fjárhæð. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Tillagan byggir á uppfærði úthlutunaráætlun frá jöfnunarsjóði vegna málefna fatlaðs fólks. Þann 16. desember. sl. var gengið frá samkomulagi milli ríkisins og Sambandsins fyrir hönd sveitarfélaga um hækkun á fjárhagsramma vegna lögbundinnar þjónustu við fatlað fólk. Samkomulagið felur í sér að hækkunin renni til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga en hlutfall útsvarstekna vegna málefna fatlaðs fólks sem fer í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga skv. 2. tölul. c-lið 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga er nú 1,21%. Ný úthlutunaráætlun jöfnunarsjóðs byggir á þessum breytingum.

11. Innri leiga fasteigna, áhalda og tækja og leiga gatna

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða og miðlægrar stjórnsýslu lækki um 35.337 þ.kr. vegna innri leigu. Á móti verða tekjur Eignaskrifstofu lækkaðar um sömu fjárhæð eða 35.337 þ.kr. Fjárhæð er með fyrirvara um endanlega niðurstöðu innri leigu.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ESR	xxx	Innri leiga - tekjur	Tekjur	35.337
VEL	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	-17.639
SFS	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	-14.927
RHS	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	-1.363
ÖNN	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	-1.408
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Tillagan kemur til þar sem sviðin hafa skilað húsnæði og því tekið út úr ramma sviða.

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri